



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. febrúar 2026

SFS26020057

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um lokun leikskólans Vinagerðis og forgang fyrir börn úr leikskólanum yfir í aðra leikskóla

Lagt er til að leikskólanum Vinagerði verði lokað frá og með 15. september 2026. Vegna lokunar Vinagerðis er lagt er til að öll börn sem innrituð eru í leikskólann Vinagerði og stefndu á áframhaldandi dvöl þar skólaárið 2026-2027 fái forgang á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við óskir foreldra þeirra og laus pláss í viðkomandi leikskólum. Breytingin eigi sér stað í tengslum við innritun í pláss sem losna vegna barna sem fara í grunnskóla haustið 2026 en innritun hefst þann 2. mars 2026.

Greinargerð

Vinagerði er þriggja deilda leikskóli með rekstrarleyfi fyrir 60 börn. Leikskólinn er staðsettur við Langagerði 1, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar er ástand húsnæðisins að Langagerði 1, þannig að nauðsynlegt er að ráðast í umfangsmikið viðhald og endurbætur og verður því ekki mögulegt að nýta það undir leikskólastarf á næstu árum. Jafnframt er núverandi húsnæði Vinagerðis að Safamýri 5, þar sem leikskólinn hefur verið síðan í október 2025, komið á niðurfríðsáætlun og því ekki fært að halda áfram rekstri þar. Vegna þessarar stöðu húsnæðis fyrir leikskólann er lagt til að honum verði lokað frá 15. september 2026. Börn sem nú eru innrituð í Vinagerði og áætlað var að yrðu þar áfram næsta skólaár 2026-2027, fá forgang eftir kennitöluröð líkt og gildir um forgang almennt, á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar í stóru innrituninni sem hefst 2. mars 2026. Gera má ráð fyrir að um sé að ræða um 45 börn.

Gert er ráð fyrir að starfsfólki Vinagerðis verði sagt upp störfum í leikskólanum Vinagerði en fundin verði önnur sambærileg störf í samráði við starfsfólk, enda eru laus störf í boði innan leikskóla Reykjavíkur. Um er að ræða um 20 starfsmenn og verða tekin samtöl við hvern og einn í umsjá fagstjóra leikskóla og mannauðsráðgjafa í Norðurmiðstöð.

Umsögn foreldraráðs Vinagerðis liggur fyrir.



Reykjavík